



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

18. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 15. desember 2020 kl. 20,30 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu stjórnin Árni Eiríksson formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga 12. Nóvember 2020. Í þriðja fundarlið voru teknar fyrir fundargerðir og fjárhagsáætlun auk framkvæmda við Búðarstíg 22. Rekstraráætlunin var samþykkt. Í sjöunda lið þar sem rætt var um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga var eftirfarandi ályktun samþykkt: „*Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn 12.11.2020 samþykkir að kostnaðarmetið verði að staðsetja og koma starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir í húsnæði Byggðasafns Árnesinga á Búðarstíg 22, Eyrarbakka. Framkvæmdastjórn ásamt stjórnnum safnana og forstöðumönnum þeirra falið að vinna að málinu. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framgangi málsins. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal boða til aukafundar hjá Héraðsnefnd eigi síðar en 20.1.2021. Á þeim fundi verði tekin afstaða til þeirra kosta sem í boði eru.*“ Verkfræðistofunni Eflu var í framhaldinu falið að meta fyrirbyggjandi kosti sem voru fleiri en þessi. Stjórnarformaður upplýsti að starfsmenn Eflu hefðu í morgun kynnt fyrstu niðurstöður vinnu sinnar fyrir Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar. Fram kom á kynningunni að rýmisáætlanir forstöðumanna safnana beggja standast skoðun og teljast réttar að mati Eflu. Einnig kom fram að ekki er til staðar umframpláss fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins í byggingum Byggðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.
2. Heildarstefna Byggðasafns Árnesinga 2021-2024. Safnstjóri og safnvörður hafa yfirfarið heildarstefnuna og í kjölfarið var stefnan send stjórn til yfirlestrar. Heildarstefnan samþykkt.
3. Fjárhagleg staða það sem af er árinu. Í september var lögð fram útgönguspá fyrir 2020. Ekkert hefur raskað henni og verður safnið rekið með rekstrarafgangi í ár vegna aukinna styrkja. Hér eftir fær safnið rekstrar- og efnahagsreikning eftir færslu bókhalds um hver mánaðarmót. Í framhaldi verða þessi uppgjör tekin fyrir á stjórnarfundum til eftirfylgni með rekstraráætlun safnsins.
4. Fjárfestingaráætlun til næstu fimm ára. Safnstjóra og stjórnarformanni falið að vinna fjárfestingaráætlun sem skal vera tilbúin fyrir vorfund Héraðsnefndar Árnesinga 2021.
5. Starfsemin. Safnstjóri sagði frá starfinu í haust. Lokið er flutningi og frágangi muna úr Mundakotsskemmu, muna Byggðasafns Ölfuss og örfára grófgripa úr Hafnarbrú 3 í skemmu Búðarstígs 22. Umfang munanna úr Ölfusi reyndist meira þegar upp var staðið. Faglegir starfsmenn safnsins hafa unnið að skráningu og mótun fræðslustefnu fyrir safnið. Lausráðinn starfsmaður var að störfum við myndsetningu ljósmynda fyrir Sarp og naut safnið styrk Safnaráðs í það verkefni sem er lokið að sinni. Safnið fékk styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands til að halda jóladagskrá. Allri dagskránni hefur verið streymt á Facebook-síðu safnsins og á heimasíðuna [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is). Þessa dagana er unnið að umsóknum í Safnasjóð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 21,20.

*Árni Eiríksson* *Bryndís Eir Þorsteinsdóttir*  
*Eggert Valur Guðmundsson* *Lýður Pálsson*